



## Frestur til að skila haustskýrslu rennur út 20. nóvember

Matvælastofnun minnir á að frestur til að skila haustskýrslu rennur út sunnudaginn 20. nóvember nk. Matvælastofnun hefur sent þeim sem eru skráðir umráðamenn/eigendur búfjár tölvupóst eða bréf þess efnis.

Þar er minnt á að samkvæmt lögum um búfjárhald, nr. 38/2013, skulu umráðamenn búfjár skila árlegri haustskýrslu fyrir 20. nóvember um búfjáreign, fóður og landstærðir. Eins og síðustu ár skal skrá haustskýrslu með rafrænum hætti á vefsíðunni Bústofn, á vefslóðinni [www.bustofn.is](http://www.bustofn.is).

### *Hestaeigendur í þéttbýli skili líka tölum um hrosseign*

Vakin er athygli á skyldu eigenda hesta, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli, að þeir skili inn tölum yfir fjölda hrossa í eigu þeirra.

Þeir umráðamenn/eigendur

búfjár sem ekki hafa tök á því að skila sjálfir í gegnum Bústofn er bent á að Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins veitir aðstoð við að ganga frá haustskýrslu. Fyrir þá þjónustu er innheimt samkvæmt gjaldskrá RML.

### *Haustskýrsluskil eru grundvöllur stuðningsgreiðslna*

Matvælastofnun vekur athygli á að haustskýrsluskil eru grundvöllur stuðningsgreiðslna sem og undirstaða hagtalna í landbúnaði. Búfjáreigendur eru minntir á að Matvælastofnun skal fara í skoðun til þeirra umráðamanna búfjár sem ekki skila inn fullnægjandi upplýsingum í haustskýrslu og er slík heimsókn framkvæmd á kostnað umráðamanns.

**Bjarki Pjetursson,**  
*sérfræðingur á Búnaðarstofu  
Matvælastofnunar*